

Reykjavík, 28. ágúst 2017

72. fundur dómara nefndar SSÍ

Mætt: Viktoría Gísladóttir, Sigurður Óli Guðmundsson, Björn Valdimarsson, Hilmar Theodór Björgvinsson, Bryndís Sigurðardóttir, Lilja Ósk Björnsdóttir og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

Fjarverandi: Hilmar Örn Jónasson boðaði forföll.

Tveir yfirdómara (báðir á lista #19) sóttu um að fá að dæma á EM25 í Kaupmannahöfn í desember. Enn er ekki vitað hvort Ísland verði dregið út úr þátttökuþjóðum til dómasetu á mótinu.

Norðurlandameistaramót fatlaðra í sundi verður haldið í Ásvallalaug síðustu helgina í nóvember á þessu hausti.

Norðurlandameistaramótið í sundi, NM25, verður verður haldið í Laugardalslaug fyrstu helgina í desember.

Fyrsti fundur var haldinn fyrir NM25 í ágúst. Verið er að horfa á Smáþjóðaleikana sem fyrirmynd að þessu móti. Fljótlega þarf að hvetja dómara til að dæma á þessu móti sem og ÍM25 og NM25 fatlaðra sem fram fara helgarnar tvær á undan.

Dómaranámskeið verða haldin í haust, líkt og áður hefur verið rætt í fundi dómara nefndar. Áætlað er að halda hvert dómara námskeið í tengslum við mótin sem framundan eru og í því sveitarfélagi sem þau eru haldin hverju sinni, þegar og ef því verður við komið.

Yfirdómara námskeið verður haldið yfir komandi sundár. Björn Valdimarsson og Jón Hjaltason munu halda utan um það. Það ætla þeir að gera í tengslum við nýjar reglugerðir sem taka gildi 22. september 2017. Fara þarf í gegnum þær, sérstaklega hvað varðar orðalag. Hlutverk þessarar nefndar er að viðhalda og uppfæra sundreglur FINA.

Listi um starfandi sunddómara og -dómara nema. Ljóst er að nýliðun er takmörkuð á meðal sunddómara og því eykst álag á þá dómara sem eftir eru. Það er vilji dómara nefndar að snúa þessu til betri vegar.

Virðingarfyllt,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir

